

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík



Reykjavík, 4. október 2013  
Tilvísun: UST20130800048/ksj

### Tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030. Viðbótarumsögn


Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 12. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.


Umhverfisstofnun hefur þegar sent inn umsögn dags. 19. september sl. Umhverfisstofnun sendir hér með svohljóðandi viðbót við ofangreinda umsögn.

Viðræður hafa verið milli Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar um friðlýsingu þess hluta Skerjafjarðar sem er innan sveitarfélagsins, en svæðið er á Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Sú vinna hefur verið í bið þar sem beðið var væntanlegrar stefnumörkunar í tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 af hálfu borgarinnar.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekkert kemur fram um stefnu varðandi friðlýsingu Skerjafjarðar í ofangreindri tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030. Umhverfisstofnun kallar hér með eftir slíkri stefnumörkun, þannig að unnt sé að taka ákvörðun um framhald viðræðna vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar svæðisins.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Skipulagsstofnun